

2. umhverfisráðsfundur barna 13. og . 20.mars 2019



Fundarmenn eru elstu börnin í Lundi, Skógarprestir og Svartprestir.

Anna Borg, leikskólastjóri, fundarstjóri og Berglind Jónsdóttir deildarstjóri, ritari fundarins og ábyrgðarmaður fyrir eftirliti á deildum.

Dagskrá fundar:

Umræður: Rusl

Horfa á mynd um Trjálfana í skóginum og Góða hirðinum.

Fundargerð:

1. Börnin minnt á Bínu-reglurnar: sitja með hendur og fætur hjá sér, hlusta, bíða þar til röðin er komin að þér og fundarregluna að rétta upp hönd til að fá orðið. Allir fengu umhverfisráðherramerki í barminn og sátu við borð.
2. Rifjað upp dagskrá frá síðasta fundi.
Við ræddum aðallega um Grænfánann og fórum yfir það hvað hann táknaði fyrir okkur og hvar hann væri á Norðurbergi.
3. Hvað flokkum við á Norðurbergi?
Ræddum um að það er hægt að gefa hlutum nýtt líf. Eins og að vinna pizzukassa, klósettþappir, súkkulaðibréf, Fréttablaðið, Cheriospakka og bækur úr flokkuðum pappír sem við skilum í Sorpu. Pappírinn fær framhaldslíf. Fórum yfir það sem við flokkum og að við getum flokkað heima. Börnin töldu upp plast, járn, ál gler, leir. Börnin upplýstu hvort annað að það væri hægt að búa til ný kerti úr kertastubbum, að matur getur orðið mold við að molta í moltutunnunni. Við eigum ekki að vera með matarsóun.
4. Er gott fyrr náttúruna að hafa rusl á jörðinni?
Fundarmenn voru sammála um að það væri ekki gott fyrir umhverfið að vera með ruslið fjúkandi um kring. Það væri allf of mikið ruslu út um allt. Við eigum að tína ruslið upp og við eigum að hjálpast að við tína ruslið. Ruslið er slæmt fyrir dýrin. Við ræddum um aumingja Svaninn sem stakk gogginum í áldós og festist hún þar en sem betur fer var honum bjargað og starfsmenn í Húsdýragarðinum hjúkruðu honum. Fiskar og aðrir fuglar geta borðað plast sem er í umhverfinu og það er mjög slæmt. Ræddum um fiska sem hafa fest sig í plasti í sjónum og dáið.
5. Hvað gerum við til að ekki verði rusl á jörðinni?
Við pössum að henda ekki rusli út um allt og flokkum vel heima og lokum öllum ílátum vel svo ekki fjúki rusl. Við æltum að tína upp rusl í kringum leikskólann í mars og flokka ruslið rétt. Einnig ætlum við að hafa fötur eða poka með í næstu útivistarferðir t.d. í Hraunið okkar ef við skyldum sjá rusl.
6. Hvernig gekk síðasta eftirlit umhverfisráðherra?
Mjög vel, allar deildar stóðu sig vel.

7. Hvaða umhverfisráðherrar fara í eftirlit næst?

Í apríl fara Zuzanna, Alexander, Unnur Kristín og Stella í eftirlit um leikskólann.

Önnur mál

Ræddum um að það væri betra fyrir umhverfið að hjóla og ganga þar sem bílar menga. Tvö börn bentu á að maður geti verið á rafmagnsbíl og þá mengi maður ekki.

Allar skemmtu sér vel yfir Trjáálfunum sem skiluðu inn gömlu húsgögnunum sínum í gám í Sorpu og stuttu síðar keyptu þau sín eigin húsgögn í Góða Hirðinum af því þau voru svo frábær! Þetta er alltaf jafn fyndið fyrir alla 😊

Fundi slitið! 14:30

Fundarstjórn:

Anna Borg

Ritari og sérlegur tæknistjóri fundarins:

Berglind Mjöll Jónsdóttir